

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tryggvagötu 15

101 Reykjavík

Sími: 563-1770

Netfang: borgarskjalasafn@reykjavik.is

www.borgarskjalasafn.is

Bjarni Tryggvason

Geimfari

(1945-)

- Skjalaskrá –

Einkaskjalasafn nr. 305:

Bjarni Tryggvason, geimfari

Bjarni Tryggvason fæddist í Reykjavík hinn 21. september 1945 en fluttist sjö ára gamall til Kanada. Hann nam verkfræði við háskólana í British Columbia og Western Ontario í Kanada og sinnti eftir það rannsóknum og kennslu, einkum á sviði veðurfræði; hann hefur auk þess atvinnuflugmannsréttindi.

Bjarni var valinn í hóp kanadískra geimfara í desember 1983 og tók þátt í leiðangri geimferjunnar Discovery 7.-19. ágúst 1997 (STS-85); hann varð þar með fyrsti íslenski geimfarinn. Árið 1998 var Bjarna boðið að taka þátt í tveggja ára þjálfun á vegum Bandarísku geimferðastofnunarinnar (NASA) fyrir störf við Alþjóðlegu geimstöðina (ISS). Bjarni er tveggja barna faðir; hann var sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu árið 2000.

Það var Theodór Nóason sem færði Borgarskjalasafni Reykjavíkur gögnin í einkaskjalasafni Bjarna Tryggvasonar.

Skjalaskrá

Askja 1

Árituð ljósmynd af Bjarna Tryggvasyni geimfara frá mars 1997.
Merki kanadíska geimfarahópsins frá 1985.
Merki Bjarna af geimfarabúningnum 1997, Discovery (STS-85).
Mynd af kanadíska geimfarahópnum sem var valinn 1983.
Myndir af áhöfn geimferjunnar Discovery 1997 (STS-85).
Bréf 2000-2005.
Fjölskylduljósmyndir 1998-2005.
Ýmsar ljósmyndir frá 1999 og ómerktar ljósmyndir.
Blaðaúrklippur 1996-2005.
Ýmsar greinar af Netinu.
Póstkort o.fl.

Skráð: Guðjón Indriðason & Elín Þórðardóttir, júní/ágúst 2006